

Minnisblað

Viðræður Fjallabyggðar og Rauðku ehf.

31. maí 2020

Viðræðuhópurinn hefur fundað í alls 4 skipti. Auk þess hafa aðilar átt í tölvupóstsamskiptum. Ftr. Fjallabyggðar hafa sent ftr. Rauðku ehf. „samantekt vegna samkomulags“ dags. 31. mars 2020, sem nánar verður fjallað um hér að neðan.

I.

Á fyrsta fundi viðræðuhópsins, dags. 30. mars 2020, fór Elías Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, yfir stöðu mála og hvaða framkvæmdir hefðu átt sér stað á Leirutanganum. Þá rakti hann samskipti Fjallabyggðar og Vegagerðarinnar vegna framkvæmda við miðbæ Siglufjarðar en fyrir liggur að Vegagerðin þarf að hafa aðkomu að þeim. Almennar umræður áttu sér stað um málið og staðan greind. Ekki er uppi ágreiningur um hvað það er sem útaf stendur af samkomulaginu.

Á næsta fundi hópsins, dags. 6. apríl 2020 fór bæjarstjóri aftur og með ítarlegri hætti og framlagningu gagna, yfir það hvað Fjallabyggð hefur þegar gert og hvaða fjárhæðum hefði verið varið í þær aðgerðir. Þá gerði hann nánari grein fyrir samskiptum Fjallabyggðar við Vegagerðina. Af yfirferð bæjarstjóra er ljóst að ýmislegt hefur gerst í þeim málum sem viðræðuhópnum var ætlað að ræða.

Þriðji fundur viðræðuhópsins fór fram þann 20. apríl 2020. Á þeim fundi var farið yfir framvindu mála frá síðasta fundi en m.a. var upplýst um að verðkönnun vegna hönnunar miðbæjarins á Siglufirði hafi farið fram og að til staði að framkvæma stöðumat á Leirutanga. Enn kom fram af hálfu Fjallabyggðar að vilji sveitarfélagsins stæði til þess að klára þau mál sem útaf standa.

Á fjórða fundi hópsins, dags. 13. maí 2020 var upplýst um að samið hefði verið við hönnuði til að annast fullnaðarhönnun (útlits-, verkhönnun og útboðsgögn) miðbæjarins. Nokkur umræða varð um kröfu ftr. Rauðku ehf. um að Fjallabyggð setti fram tímasetta áætlun vegna þeirra framkvæmda sem til stendur að ráðast í. Ftr. Fjallabyggðar í viðræðuhópnum hafa bent á að þeir telji óvarlegt að setja slíka áætlun fram en féllust engu að síður á að senda ftr. Rauðku ehf. samantekt vegna viðræðnanna.

II.

Samandregið hefur það komið skýrt fram hjá ftr. Fjallabyggðar í viðræðuhópnum að unnið sé að því að koma þeim verkefnum áfram sem um ræðir og hefur bæjarstjóri upplýst um að hann hafi stuðning kjörinna fulltrúa til þess að ráðast í þau verkefni. Engum ætti enda að dyljast að þetta sé vilji Fjallabyggðar þar sem bókað hefur verið um þetta í bæjarstjórn og fyrir liggur að búið er að bjóða út hönnun miðbæjarins.

Fyrir liggur að erfitt er að tímasetja þær framkvæmdir sem um ræðir og hafa ftr. Fjallabyggðar í viðræðuhópnum verið tregir til að gefa út tímasettar áætlanir líkt og ftr. Rauðku ehf. hafa ítrekað óskað eftir. Ástæða þess að ftr. Fjallabyggðar hafa ekki talið sér fært gefa frá sér tímasetta áætlun er sú að framvinda og framgangur verkefnanna er að miklu leyti háður aðkomu þriðja aðila, t.a.m. hvað varðar framkvæmdir við miðbæinn.

Það sem þó liggur fyrir og hefur bæði verið sagt ítrekað á þeim fundum sem hafa farið fram og aukin heldur sýnt fram á með því sem gerst hefur frá því að viðræðuhópurinn tók til starfa, er að Fjallabyggð stefnir að því að klára þau verkefni á kjörtímabilinu sem um er að ræða, þ.e. framkvæmdir á Leirutanganum og í miðbæ Siglufjarðar.

III.

Með tölvupósti dags. 3. apríl sl. var ftr. Rauðku ehf. í viðræðuhópnum send samantekt Ármanns V. Sigurðssonar sem greinir stöðuna á þeim verkefnum sem enn er ólokið. Þar kemur það m.a. fram undir lið 1. að samskipti við Vegagerðina hafi verið töluverð hvað varðar framkvæmdir í miðbæ Siglufjarðar

en síðasti formlegi fundur Fjallabyggðar og Vegagerðarinnar fór fram þann 26. febrúar 2020, líkt og fram kemur í fyrrgreindri samantekt.

Hvað varðar framkvæmdir við innri höfn kemur það fram í samantektinni að í ágúst 2016 hafi 1. áfangi verksins „Leirutangi, útivistar og tjaldsvæði“ verið boðin út. Öllum þeim verkþáttum sem boðnir voru út er lokið fyrir utan sáningu á grasfræjum og yfirborðsfrágangi á götum, plönnum og stígum.

Vísast að öðru leyti til samantektarinnar sem lýsingar á því sem þegar er lokið hvað varðar þá verkþætti sem um er að ræða.

IV.

Þrátt fyrir ofangreint, og með þeim fyrirvörum sem áður hafa komið fram um aðkomu Vegagerðarinnar að framkvæmdum við miðbæ Siglufjarðar, telja ftr. Fjallabyggðar ekki óvarlegt að áætla að framkvæmdum við miðbæ Siglufjarðar geti verið að fullu lokið haustið 2022. Þetta mat byggir á því að hönnuðir skili tillögum sínum haustið 2020 og að hægt verði að bjóða út framkvæmdir í febrúar 2021. Framkvæmdir geti þá hafist vorið 2021. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir því að vinna verkið á tveimur sumrum, þar sem hönnunargögn og kostnaðaráætlun liggja ekki fyrir þarf að setja fyrirvara enda umfang verkefnis ekki að fullu ljóst fyrr en gögn liggja fyrir.. Ítrekaður er sá fyrirvari að Vegagerðin komi að málinu en líkt og ítrekað hefur komið fram er samtal á milli Fjallabyggðar og Vegagerðarinnar um aðkomu Vegagerðarinnar í gangi. Tefjist það að Vegagerðin komi að málinu má gera ráð fyrir því að ofangreindar tímasetningar hníkist til og verður ftr. Rauðku ehf. haldið upplýstum um allar breytingar sem kunna að verða á upphafi framkvæmda.

Hvað varðar framkvæmdir á Leirutanga þá hefur nú þegar eftirfarandi verið ákveðið, lagning göngustígs (4 mkr.), jöfnun á svæði syðst á tanganum (1 mkr.) og hreinsun þeirra svæða er undir sveitarfélagið heyra (1,5 mkr.). Einnig hefur verið farið fram á það við Olíuverslun Íslands að félagið skili lóð að Vesturtanga 18, skil á lóð er forsenda frekari tilraunum til þróunar svæðisins. Önnur svæði á tanganum þarfnast sum hver einhverrar landmótunar, ekki er um mjög mikla vinnu að ræða og ætti að vera hægt að ljúka þeim framkvæmdum á einu sumri. Hafa þarf þó í huga að framkvæmdir á Leirutanga þurfa að vinnast í takti við lífríki s.s. varp fugla.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar hefur unnið að því að koma á fundi með fyrirsvarsmönnum Báss ehf. sem er með aðstöðu á tanganum í því skyni að ræða um umgengni félagsins á svæðinu. Vonir standa til þess að sá fundur geti farið fram á allra næstu dögum. Vert er að taka fram að þær viðræður tengjast ekki fimm liða samkomulaginu enda málið ekki hluti þess.

V.

Að öðru leyti er rétt að ítreka þá afstöðu Fjallabyggðar sem fram hefur komið af hálfu ftr. sveitarfélagsins í viðræðuhópnum að áfram verði unnið að því að koma þeim framkvæmdum sem útaf standa í farveg með það að markmiði að þeim ljúki á yfirstandandi kjörtímabili.

Sem fyrr er sá fyrirvari gerður að ekki komi upp óvæntar aðstæður sem tefji framvinduna og að Vegagerðin komi að framkvæmdum við miðbæ Siglufjarðar.

Ftr. Fjallabyggðar í viðræðuhópnum eru tilbúnir til áframhaldandi samstarfs innan hópsins með það að markmiði að halda ftr. Rauðku ehf. upplýstum um gang mála og eftir atvikum að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma. Ekki eru gerðar athugasemdir við að óskað verði aðkomu oddamanns líkt og fram hefur komið í máli ftr. Rauðku ehf., enda megi það verða til þess að viðræður innan hópsins miðist við að leita lausna á þeim grundvelli sem hér hefur verið farið yfir.

Elías Pétursson
Ásgeir Örn Blöndal